

25. JANÚAR
2024

HARPA
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Jónas Ásgeir //

Gjörningaklúbburinn

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Striations 10'

Installation Around A Heart 9'

Harmonikkukonsert 15'

Flökkusinfónía 25'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Kápu mynd: Saga Sigurðardóttir

Sérstök hátíðartilboð á drykkjum verða á Hnoss, jarðhæð Hörpu,
að tónleikum loknum í tilefni Myrkra Músíkdaga.



TVG-ZIMSEN



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og
viðskiptaráðuneytið

Jónas Ásgeir // Gjörningaklúbburinn

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 25. JANÚAR KL 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Jónas Ásgeir Ásgeirsson
einleikari

Gjörningaklúbburinn
Eirún Sigurðardóttir
Jóní Jónsdóttir

Díana Rut Kristinsdóttir
Valgerður Rúnarsdóttir
dansarar

Bergrún Snæbjörnsdóttir
Striations (2023) *frumflutningur á Íslandi*

Puríður Jónsdóttir
Installation Around a Heart (2005)

Finnur Karlsson
Harmóníkukonsert (2020)

1. Draumur um flug
2. Einn og svo
3. Þráður
4. Tveir og svo
5. Draugur Bontempis
6. Þrír og svo
7. Og svo framvegis

Hlé

Gjörningaklúbburinn: Eirún Sigurðardóttir og
Jóní Jónsdóttir ásamt Ólafi Birni Ólafssyni og
Unu Sveinbjarnardóttur

Flökkusinfónía / Vagus Symphony (2024)

heimsfrumflutningur

Myndlist fyrir sinfóníuhljómsveit

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.

MYRKIR
MÚSÍKDAGAR
DARK MUSIC DAYS

Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Myrkra músíkdaga

www.darkmusicdays.is



Ross Jamie Collins

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bresk-finnski hljómsveitarstjórinn Ross Jamie Collins (f. 2001) hefur notið undraverðrar velgengni í kröfuhörðum tónlistarheiminum þrátt fyrir ungan aldur og hefur nú þegar stýrt tónleikum heimsþekktra hljómsveita á borð við Philharmonia-hljómsveitina í Lundúnum, Sinfóníu-hljómsveitina í San Fransisco og Sinfóníuhljómsveitina í Turku.

Collins er fæddur í Nottingham en fluttist ásamt fjölskyldu sinni sjö ára gamall til Helsinki. Fjórtán ára gamall hóf hann nám í hljómsveitarstjórn við Síbelíusar-akademíuna þar sem hann naut handleiðslu Jorma Panula. Síðar lá leiðin í framhaldsnám við Colburn-konservatoríð í Los Angeles en samhliða námi starfaði hann sem svokallaður *Salonen-Fellow* undir handarjaðri Esa-Pekka Salonen við Sinfóníuhljómsveitina í San Fransisco. Collins hefur aðstoðað Salonen bæði heima og heiman, svo sem með NDR-hljómsveitinni í Elbphilharmonie í Hamborg, Fílharmoníusveitinni í Helsinki og Orchestre de Paris. Nú um stundir er Collins einnig *Dudamel-Fellow* hjá Fílharmoníusveitinni í Los Angeles.

Ross Jamie Collins þreytti frumraun sína með Vínar-tónleikum í janúar 2023 og var nokkru síðar ráðinn staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar starfsárið 2023-24. Í vetur stýrir hann margvíslegum tónleikum sveitarinnar og starfar náið með Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra.



Jónas Ásgeir Ásgeirsson

EINLEIKARI

Jónas Ásgeir Ásgeirsson (f. 1993) er klassískur harmóníku-leikari búsettur í Kaupmannahöfn. Hann frumflytur reglulega ný verk og vinnur náið með tónskáldum hvaðanæva að en einblínir sérstaklega á flutning íslenskrar tónlistar sem og sköpun nýrra íslenskra verka fyrir hljóðfæri sitt. Árið 2022 gaf Dacapo Records út plötu Jónasar, Fikta, með íslenski tónlist fyrir klassíska harmóníku. Á plötunni eru m.a. verk eftir Porkel Sigurbjörnsson og Atla Heimi Sveinsson sem höfðu aldrei verið hljóðrituð áður. Einnig má þar hlýða á *Harmoníkukonsert* Finns Karlssonar sem saminn var fyrir Jónas. Fikta hlaut viðurkenninguna plata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2023 í flokki sígildrar og -sam tíma-tónlistar og var Jónas valinn flytjandi ársins í sama flokki.

Jónas varð fyrsti Íslendingurinn til að flytja harmóníku-konsert með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2016 á tónleikunum Ungir einleikarar. Síðan þá hefur hann flutt konsert Þuríðar Jónsdóttur, *Installation Around a Heart* við nokkur tilefni sem og fyrrnefndan konsert Finns. Á döfinni hjá Jónasi er flutningur á konsert Þuríðar í Björgvin, sem og frumflutningur á nýjum konsert Báru Gísladóttur fyrir harmóníku og símfóníettu ásamt Árhús Símfóníetta. Einnig vinnur Jónas nú að einleiksefnisskrá með nýjum verkum eftir Þuríði, Huga Guðmundsson og Sóleyju Sigurjónsdóttur ásamt eigin útsetningu á verki eftir Önnu Þorvaldsdóttur.



Bergrún Snæbjörnsdóttir

STRIATIONS

Tónlist Bergrúnar Snæbjörnsdóttur (f. 1987) hefur vakið sívaxandi athygli á undanförunum árum en á meðal tónlistarhópa sem hafa flutt verk hennar má nefna sveitir svo sem Fílharmóníusveitina í Osló og International Contemporary Ensemble. Bergrún nam tónsmíðar við Listaháskóla Íslands og síðar við Mills College í Kaliforníu þar sem hún naut leiðsagnar brautryðjenda á sviði framsækinna tilraunatónlistar; má þar nefna Pauline Oliveros, Roscoe Mitchell, Fred Frith og Zeenu Parkins.

Bergrún vinnur á spennandi mærum ólíkra listgreina, tónlist hennar oft samofin myndlist og innsetningum en kveikjur og áhrif eru gjarnan sótt í heimspeki og náttúrufrýrbæri. Í verkum hennar er hinn sjónræni þáttur iðulega virkjaður og hlutverk tónlistarflytjandans opið og spunakennt þar sem Bergrún nýtir sér óhefðbundna nótnaskrift. Á meðal nýlegra verka má nefna *Agape*, sem sýnt var á myndlistarhátíðinni Sequences árið 2021; *Ecognosis*, pantað af International Contemporary Ensemble árið 2021 og *Striations*, pantað af Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham og frumflutt af Ungsveit hennar undir stjórn Ilan Volkov á síðasta ári.

Efniviður verksins *Striations* eru hljóðfæri hinnar klassísku sífóníuhljómsveitar og nótnaskriftin að mestu hefðbundin en Bergrún þenur út hljóðheima og strúktúra og nýtir sér til fullnustu ríkuleg blæbrigði sem finna má í hljóðgjöfum hljómsveitarinnar. Leitandi, varfærnislegir ómar, bjagaðir og blæbrigðaríkir fljóta áfram, tónsviðið frekar hátt og strítt, við heyrum ýlfur, hvískur, mäs og blástur sem saman mynda einn lífrænan hljóðmassa sem sagnar okkur til sín. Titillinn *Striations* vísar í rákir, í jöklum, jarðlögum eða jafnvel á mannlíkamanum; kviður sem þenst út, líkami sem umbreytist þegar nýtt líf er væntanlegt í heiminn. Tími og skynjun bjagast þegar við tökum að gefa þessu hægfara umbreytingarferli gaum. Sem hlustendur tökum við á móti hljóðinu og leyfum því að móta okkur, strekkja á vitund og skilja eftir varanleg ummerki.

Tónlistin á Íslandi

Samstarf Bergrúnar Snæbjörnsdóttur og Sinfóníuhljómsveitar Íslands teygir sig aftur til ársins 2014; þá flutti sveitin verkið *Esoteric Mass* á Tectonics tónlistarhátíðinni, en hátíðin var undir listrænni stjórn Ilan Volkov sem þá var aðalhljómsveitarstjóri Sí. Tónlist Bergrúnar hljómaði aftur á Tectonics ári síðar og árið 2019 frumflutti sveitin verkið *Skin in*, samið að beiðni hljómsveitarinnar og Önnu Þorvaldsdóttur, þá staðartónskálds sveitarinnar. Þetta er Íslandsfrumflutningur hljómsveitarverksins *Striations*.



Tónlistin á Íslandi

Installation Around a Heart var frumflutt árið 2005 af Geir Draugsvoll og CAPUT á tónleikum á Myrkum músíkdögum undir stjórn Guðna Franzsonar. Hljóðritun af verkinu kom út á safnplötu árið 2007 sem helguð er tónlist eftir norrænar tónlistarkonur. Elja kammersveit flutti verkið á tónleikum ásamt Jónasi Ásgeiri síðla árs 2018. Það hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í fyrsta sinn hér í kvöld í endurskoðaðri útgáfu frá 2023.

Þuríður Jónsdóttir

INSTALLATION AROUND A HEART HLJÓÐRÝMI MEÐ HARMÓNÍKU OG KAMMERSVEIT

Installation Around a Heart var samið fyrir norska harmóníku-virtúósinn Geir Draugsvoll sem frumflutti verkið ásamt CAPUT 2005. Heitið vísar í innsetningu og einhverjum þræði má skynja verkið sem form myndlistar; hljóðinnsetningu og lifandi gjörning. Í miðjunni er hjartað, harmóníkan, sem þenst út og dregst saman, flytur orku og súrefni til annarra líkamshluta og glæðir hljóðfærni í kringum sig lífi. Á sviðinu verður smátt og smátt til einn stór líkami sem stynur, grætur og andvarpar.

Upphaf verksins er ofurveikt og viðkvæmt. Úr þögninni birtir harmóníkan fingert hljóðróf í óræðum púls, hikandi, sækir í sig veðrið og deyr svo út. Aftur tekur harmóníkan að slá, þenjast út og dragast saman; smám saman tekur kyrrstæður heimurinn að vakna úr dvala, knúinn áfram af hjartslætti harmóníkkunnar. Yfirbragð verksins er framan af íhugult og kyrrlátt, mikið rými til að gefa gaum að blæbrigðum og þeirri margslungnu litadýrd sem Þuríði tekst að galdra úr efnivið sínum þar sem hljóðrófið, sem kynnt var í upphafi, er bjagað og strekkt. Um miðbikið kemst á meiri hreyfing, dýpri undirtónar og ókyrrð þar til harmóníkan tekur að slá rólegar á ný; nú dýpri, þroskaðri, alvarlegri. Undir lokin í samtali við misbjöguð hljóðróf ólíkra líkamshluta þar til þögnin ræður ríkjum á ný.

Þuríður Jónsdóttir (f. 1967) hefur fyrir löngu skipað sér í röð eftirtektarverðustu tónskálda hér á landi með tónsmíðum sínum fyrir fjölbreytilega tónlistarhópa og ólíka miðla. Í verkum sínum nýtir Þuríður sér gjarnan hljóðuppsprettur náttúru, frá hinu smæsta til hins víðfeðmasta. Á meðal nýlegra verka má nefna fiðlukonsertinn *Leikslok* (2021), hljómsveitarverkið *The CV of a Butterfly* (2020) og *Fánu* (2019) fyrir strengjakvartett og hljóðupptöku. Á meðal þekktustu verka Þuríðar má nefna hljómsveitarverkið *Flow and Fusion* (2002) og flautukonsertinn *Flutter* (2009). Þuríður hefur hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og þrívægis verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.



Finnur Karlsson

HARMÓNÍKUKONSERT

Finnur Karlsson (f. 1988) samdi *Harmóníkukonsert* fyrir Jónas Ásgeir og Elju kammersveit sem frumfluttu 2020. Konsertinn er í sjö þáttum þar sem víða er leitað fanga hvað varðar hljóðuppsprettur. Bilað dótapíanó, ljúfir harmóníkuvalsar, nostalgísk poppmúsík og safaríkar tónaflækjur; allt rennur þetta saman í margslungnu og grípandi verki.

Verkið hefst með djúpri harmóníkunni sem gefur frá sér drunur og andvörp. Hljóðheimurinn er seigfljótandi og dimmur. Brátt taka pikkolóflauta og fuglablístra að flöggra; við skynjum áhrifamiklar andstæður á milli djúps hljóðmassa og bjarrta fuglastefja. Efniviður kaflans meðal annars sóttur í smellinn Flugvélar með Nýdönsk og Flugsöng ömmu úr Dýrunum í Hálsaskógi; lögin tvö tengjast jú bæði draumnum um flug sem er heiti þáttarins. Því fer þó fjarri að auðvelt sé að greina þessar hendingar; hér er búið að teygja efniviðinn til svo hann verður algerlega óþekkjanlegur.

Í öðrum þætti er kynntur til sögunnar angurvær lagstúfur, eins konar vals (í svífandi takti) sem á eftir að skjóta upp kollinum verkið á enda, umsnúinn og afbakaður. Lagið hljómar kunnuglega en er þó glænýtt, minnir á rætur harmóníkkunnar í dansmúsík. Stefið er meginviðfangsefni millipáttu konsertsins (*einn og svo, tveir og svo, þrír og svo.*)

Þriðji þátturinn hefst á hnígandi tónaröð sem verður nokkurs konar viðfangsefni þáttarins sem byggir á hexatónískum tónstiga. Yfirbragðið framan af fljótandi en verður smám saman þyngra og taktfastara.

Fimmti þátturinn hefst einnig ofurvarlega á háu tónsviði; tónefniviðurinn sóttur í tónaklasa bilaðs Bontempi-dótahljómborðs (*Draugur Bontempis*). Í lokaðætti koma svo saman slitur úr fyrri þáttum, hnígandi tónaröð, valsinn ljúfi, flöggrandi pikkolóflauta og ofurviðkvæmur harmóníkutónninn í niðurlagi viðburðaríks verks.

Tónlistin á Íslandi

Til stóð að konsertinn hljómaði nokkrum sinnum á tónleikaferð Elju um landið sumarið 2020 en þau áform breyttust vegna samkomutakmarkana af völdum COVID-heimsfaraldurs. Tvönnir nýárstónleikar, í janúar 2021 og aftur 2022 féllu einnig niður af sömu völdum. Konsertinn hefur því aðeins hljómað einu sinni hérlendis, á tónleikum sem fram fóru í Miðgarði í Skagafirði í júlí 2020. Verkið hefur hins vegar flogið víða, var valið eitt af tónverkum ársins á Íslensku tónlistarverðlauninum 2021 og er að finna á plötu Jónasar Ásgeirs, Fikta sem út kom 2022 en sú plata hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem ein af plötum ársins 2022.



Tónlistin á Íslandi

Þetta er heimsfrumflutningur verksins.

„Myndlist fyrir símfóníuhljómsveit, abstrakt ferðalag án orða frá upphafshvelli að uppljómun í gegnum sjö heimsálfur líkamans.“

Vefsíða Gjörningaklúbbsins www.ilc.is

Gjörningaklúbburinn: Eirún Sigurðardóttir & Jóní Jónsdóttir

FLÖKKUSINFÓNÍA (2024)

Flökkusinfónía er nýstárlegt verk eftir Gjörningaklúbbinn þar sem myndlist, tónlist og kvikmyndalist renna saman í eitt. Verkið er í formi gjörnings og kvikmyndar við lifandi undirleik Símfóníuhljómsveitar Íslands en tónlistin er unnin í samstarfi við Ólaf Björn Ólafsson og Unu Sveinbjarnardóttur.

Gjörningaklúbburinn er skipaður myndlistarkonunum Eirúnu Sigurðardóttur og Jóní Jónsdóttur. Við gerð *Flökkusinfóníu* fengu þær einnig til liðs við sig hóp kvikmyndagerðarfólks, dansara, leikara og fimleikafólks. Í flutningi verksins í Eldborg taka auk Gjörningaklúbbsins, dansararnir Valgerður Rúnarsdóttir og Díana Rut Kristinsdóttir þátt ásamt sópransöngkonunni Þóru Einarsdóttur.

Um verkið segja Eirún og Jóní eftirfarandi:

Flökkusinfónía býður upp á abstrakt ferðalag þvert á tungumál þar sem flökkutaugin, samkenndartaug líkamans er virkjuð og ýtt undir einstaklingsbundna og um leið hnattræna samkennd þvert á menningarheima í sífellt misskiptari heimi.

Símfónían byggir m.a. á upplifun miðils á forsögu elstu hljóðfæra Símfóníuhljómsveitar Íslands. Í verkinu er allt skynróf líkamans virkjað á flakki um óræða heima á mörkum draums og veruleika. Frá upphafshvelli að uppljómun í gegnum sjö heimsálfur líkamans.

Flökkusinfónían er samstarfsverkefni Gjörningaklúbbsins og Símfóníuhljómsveitar Íslands.



Flökkusinfónía / Vagus
Symphony, úr kvikmynd,
Gjörningaklúbburinn,
2024

Gjörningaklúbburinn hefur starfað óslitið frá árinu 1996. Hugmyndir hans tengjast oft félagslegum málefnum með feminískum áherslum í bland við glettni og einlægni. Unnið er í þá miðla sem þjóna inntaki verkanna hverju sinni, svo sem gjörninga, ljósmyndir og innsetningar. Verkfræði ömmunnar er iðulega innan seilingar, handverk og útsjónarsemi í bland við glæsileika og nútímatækni.

Gjörningaklúbburinn á að baki fjölda einka- og samsýninga í söfnum og galleríum um allan heim, þar á meðal ARoS listasafninu í Danmörku, MoMA samtímalistasafninu í New York, Kunsthalle Wien í Austurríki, Schirn Kunsthalle og samtímalistasafninu Hamburger Bahnhof í Berlín, Amos Anderson listasafninu í Helsinki og Lilith Performance Studio í Svíþjóð.

Flökkusinfónía, kvikmyndahluti

Innyflanuddarar: Natalie G. Gunnarsdóttir & Tryggvi Viðarsson

Ásláttarnuddari: Ólafur Björn Ólafsson

Strengjasnyrtir: Una Sveinbjarnardóttir

Taugakona: Margrét Vilhjálmsdóttir

Flökkukonur: Eirún Sigurðardóttir & Jóní Jónsdóttir

Heilahnykill: Jón Sigurður Gunnarsson

Sellur: Birta Mjöll Valdimarsdóttir, Bryndís Lára Guðlaugs-

dóttir, Elín Sigríður Bjarnadóttir, Eva Björk Angarita, Freyja

Sævarsdóttir, Hekla Torfadóttir Bjarkardóttir, Hrafnhildur

Magney Gunnarsdóttir, Íris Ósk Sigurjónsdóttir, Karítas

Kristín Traustadóttir & Unnur María Sveinsdóttir

Glimmrur: Diljá Sveinsdóttir, Díana Rut Kristinsdóttir, Halla

Þórðardóttir & Valgerður Rúnarsdóttir

Smali: Jónmundur Grétarsson

Handrit og leikstjórn: Gjörningaklúbburinn

Framleiðendur: Hanna Björk Valsdóttir, Eirún Sigurðardóttir & Jóní Jónsdóttir

Kvikmyndataka: Anní Ólafsdóttir

Klipping: Sighvatur Ómar Kristinsson

Lýsing: Kjartan Darri Kristjánsson

Aðstoðarleikstjóri: Óskar Kristinn Vignisson

Útlit, búningar og skúlptúrar: Gjörningaklúbburinn

Klæðskeri og aðstoð á setti: Alexía Rós Gylfadóttir

Hár og förðun: Tinna Ingimarsdóttir

Danshreyfingar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Fimleikahreyfingar: Erla Rut Mathiesen



Flökkusinfónía / Vagus Symphony, úr kvikmynd, Gjörningaklúbburinn, 2024



Ólafur Björn Ólafsson

FLÖKKUSINFÓNÍA

Ólafur Björn Ólafsson nam píanóleik, slagverksleik og raftónlist í Reykjavík. Hann lauk B.A. gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands og stundaði einnig nám í tónsmíðum við Universitát der Künste í Berlín og raftónlist við Konunglega Konservatoríð í Den Haag. Ólafur hefur gefið út hljómplötur undir eigin nafni og samið tónlist fyrir skjámiðla, leikhús og listasýningar. Hann hefur unnið með fjölmörgum hljómsveitum og tónlistarmönnum sem slagverksleikari, hljómborðsleikari eða tónhöfundur. Má þar nefna Sigur Rós, Jóhann Jóhannsson, Jónsa, Caput, Dúó Harpverk, Jo Berger Myhre, Skúla Sverrisson, Emilíönu Torrini og Hildi Guðnadóttur. Ólafur hefur leikið á trommur og slagverk með Sigur Rós á tónleikaferðum þeirra frá ársbyrjun 2022.



Una Sveinbjarnardóttir

FLÖKKUSINFÓNÍA

Una Sveinbjarnardóttir er konsertmeistari Kammersveitar Reykjavíkur og starfar sem þriðji konsertmeistari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur samið tónlist meðfram fiðluleik hálfan sinn feril, leikhús- bío- og kammer-tónlist, og leikur reglulega með Strokkvartettinum Sigga, Siggí String Quartet en kvartettinn hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2019. Hún hefur unnið með Björk, (Homogenic, Vulnicura, Fossora), Jóhanni Jóhannssyni, Ensemble Modern og fjölda tónlistarfólks og tónskálda sem fiðluleikari, tónsmíður eða framleiðandi. Plötur hennar eru Fyrramál, Umleikis og nú síðast Last Song með píanóleikaranum Tinnu Þorsteinsdóttur. Á Myrkum músíkdögum í ár verður einnig frumflutt nýtt píanótrío Unu af Fidelio Trio frá London

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Á döfinni

01.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Grosvenor leikur Busoni

Í ár eru hundrað ár liðin frá andláti eins mesta píanóleikara sögunnar, Ítalans Ferruccio Busoni, en auk þess að vera óviðjafnanlegur einleikari var Busoni frábært tónskáld og hljómsveitarstjóri. Í dag er hann helst þekktur af ægifygnum umritunum á hljómborðsverkum Johanns Sebastians Bach.

Píanókoncert hans er eitt stórbrotnasta og umfangsmesta verk sinnar tegundar í sögunni og ögrar lögmálum formsins á ýmsan hátt. Það er því einstaklega ánægjulegt að einn fremsti píanóleikari samtímans, hinn breski Benjamin Grosvenor, leiki það í Eldborg með Sinfóníuhljómsveit Íslands og karlakórnum Fóstbræðrum, en þátttaka karlakórsins er einmitt meðal þess sem veitir konsertinum sérstöðu. Á tónleikunum hljómar einnig hið samþjappaða meistaraverk Prokofíevs, Klassíska símfónían, sem endurómar fagurfærði 18. aldar og gefur hvergi eftir í hugmyndaauðgi og snilldarlegu handbragði þrátt fyrir að vera aðeins um stundarfjórðungur að lengd.

08.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Mendelssohn og Beethoven

Ísraelski fiðluleikarinn Vadim Gluzman er meðal fremstu fiðluleikara samtímans og þekktur fyrir að blása nýjum lífsanda í verk frá gullöld fiðlubókmenntanna á 19. og 20. öld. Á þessum tónleikum leikur hann hinn sívinsæla fiðlukonsert Mendelssohns í e-moll, þann síðasta sem Mendelssohn lauk við á sinni skömmu ævi. Símfónía Beethovens nr. 8 er ein af hans fjörmestu tónsmíðum, full af gleði og gáska, og taldi Beethoven sjálfur hana meðal sinna bestu verka.

Til viðbótar við þessi þýsku öndvegisverk frá 19. öld hljóma á tónleikunum tvö bandarísk verk af nýstárlegri toga. Það eru Símfónía nr. 3 eftir Charles Ives sem samin var árið 1904 en lá í skúffu tónskáldsins í ríflega 40 ár áður en hún var frumflutt og verk eftir Caroline Shaw fyrir strengjasveit, innblásið af menúetti eftir Haydn og kallast skemmtilega á við hefð Vínarklassíkurinnar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Andrzej Kleina
Geirþrúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Pétur Björnsson
Laufey Jensdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Joanna Bauer

2. fiöla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Greta Guðnadóttir
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Xun Yang
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Rúnar Óskarsson
Birkir Örn Hafsteinsson
Grímur Helgason

Fagott

Clara Manaud
Hrafn Marinó Thorarensen
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Píanó/selesta

Elena Postumi

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Sópran

Þóra Einarisdóttir

Rafhljóð

Ólafur Björn Ólafsson
Una Sveinbjarnardóttir

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður


ENDURFUNDIR, NÝ ÍSLENSK TÓNLIST FYRIR STRENGI

21.06.2024 Hamrar, Ísafirði 20.00

CAUDA COLLECTIVE LEIKUR TRÍÓ
OG KVARTETTA EFTIR ERRATA-HÓPINN

@VIDDJUPIÐ

VIDDJUPIÐ.IS



TÓNLISTARHÁTÍÐ, SUMARNÁMSKEIÐ, 17.–22.06.2024,

VIÐ DJÚPIÐ ÍSAFJÖRÐUR [66°4' N]
[23°6' V]



Tónlistarháttíð
Ísafjarðar



Tónlistarfélag
Ísafjarðar



MENNINGARME
STÖÐ



ÍSAFJARÐAR
BÆR



Listahátíð
í Reykjavík



Hótel Ísafjörður



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Barbara Hannigan og Mannsröddin

5. APRÍL

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg og mun flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á *Mannsröddinni*, óperueinleik Francis Poulenc. Ljóðræna og leikgleði Hannigan fær að njóta sín í söng jafnt sem hljómsveitarstjórn og verður tjáningu hennar varpað upp á tjald svo úr verður einstakt sjónarspil. Auk *Mannsraddarinnar* stjórnar Barbara Hannigan hinna tónaljóði Richards Strauss, *Metamorphosen*.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS